



Niðurstöður

Barna- og ungmennáþings Reykjaneshæjar
2023



UNGMENNARÁÐ
REYKJANESBÆJAR



KRAFTUR

Er það sem einkennir börn og ungmenni Reykjanesbæjar!

HREINSKILNI

Tölum um hlutina eins og þeir eru með það að leiðarljósi að gefa börnum og ungmennum raunverulega mynd af hvernig hlutirnir virka

VÍÐSÝNI

Stundum þarf að hugsa hlutina upp á nýtt og prófa eitthvað annað!

FRAMKVÆMD ÞINGSINS

Þingið var skipulagt, keyrt áfram og framkvæmt af ungmennum úr ungmennaráði Reykjanesbæjar. Á þinginu voru 153 þátttakendur á aldrinum 13 - 18 ára. Starfsfólk Reykjanesbæjar komu með stutta yfirferð á hverjum málaflokk áður en umræður hófust til að skerpa umræður ungmenna. Meðlimir ungmennaráðs voru borðstjórar á þinginu og starfsfólk Fjörheima var ungmennaráði innan handar ef þess þurfti en annars voru engir fullorðnir einstaklingar á þinginu sjálfu.

Alls bárust 1400 ábendingar/tillögur rafrænt í gegnum Menti og um 300 skriflegar frá þátttakendum þingsins. Umsjónarmaður ungmennaráðs fór yfir öll gögn, skrifaði niður og flokkaði hverja tillögu/ábendingu í skjal sem ungmennaráðið síðan vann úr og flokkaði eftir mikilvægi út frá umræðum þátttakenda á þinginu.



Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri Reykjanesbæjar og Thelma Hrund Hermannsdóttir aðstoðarforstöðukona Fjörheima að virða fyrir sér umræður ungmenna á þinginu.

Staða og framtíðarsýn Ungmennaráðs Reykjanesbæjar



Ungmennaráð Reykjanesbæjar hefur á síðustu árum staðið fyrir öflugum starfi og hafa umsvif þess aukist að miklu leyti. Ráðið er skipað 25 meðlimum frá öllum grunnskólum Reykjanesbæjar, Félagsmiðstöðinni Fjörheimum, Ungmennahúsinu við Hafnargötu 88, Nemendafélagi Fjölbrautaskóla Suðurnesja og að lokum eru 5 fulltrúar skipaðir inn í gegnum opnar nafnlausar kosningar sem öllum ungmennum Reykjanesbæjar gefst kostur á að taka þátt í. Starfsemi ráðsins hefur sögulega snúist mikið um fundi ráðsins með bærstjórn Reykjanesbæjar sem eru haldnir tvisvar sinnum á ári. Fundirnir hafa alla tíð gengið vel og hafa nýst bæði bærstjórn og ungmennaráði vel í að efla samstarfið sitt á milli.

Ungmennaráðið hefur bætt við sig talsvert af verkefnum í samræmi við skuldbindingu Reykjanesbæjar í að verða barnvænt sveitarfélag. Barna og ungmennaping Reykjanesbæjar er eitt af þessum verkefnum sem Ungmennaráðið hefur tekið til sín en þar má einnig nefna áheyrnafulltrúa verkefnið og fagnar ráðið þessari þróun og horfir með björtum augum til framtíðar.

Erindisbréf ungmennaráðsins var loksins uppfært árið 2023 en það var upprunalega frá árinu 2011 og hafði ekki verið uppfært síðan þá. Margar nýjar breytingar voru í nýja bréfinu en þar má nefna að ráðinu er nú gert að funda mánaðarlega eða 10 sinnum á ári. Þá var aldurstakmarkið fært upp úr 13 ára í 14 ára og fært upp úr 18 ára í 20 ára. Þessi breyting er í takt við áhuga ungmenna sem setið hafa í ráðinu síðastliðin ár og gerir áhugasömum ungmennum kleift að sitja lengur og aðstoða umsjónarmann við að koma nýjum meðlimum ráðsins inn í hlutina. Önnur mikilvæg breyting var að fá áheyrnarfulltrúa í fastanefndir Reykjanesbæjar utan bæjarráðs og hefur ráðið nú 7 áheyrnarfulltrúa. Í erindisbréfinu kemur einnig fram núna að ráðið skuli rita formlegar fundargerðir af fundum sínum sem sendar verða ípróttu og tómsundaráði til umsagnar.

Nú er verið að vinna í að endurskoða fyrirkomulag þóknunar til meðlima ungmennaráðs en í dag fá meðlimir aðeins greitt fyrir sameiginlega fundi ráðsins með bærstjórn en í mörgum öðrum ungmennaráðum sveitarfélaga fá meðlimir greitt fyrir fundi ráðsins en ekki einungis fyrir fundi með bærstjórn. Einnig hefur verið lagt mikla vinnu í að gefa út og kynna niðurstöður barna og ungmennapingsins sem kynntar hafa verið öllum fastanefndum Reykjanesbæjar, öllum nemendaráðum grunnskóla Reykjanesbæjar og bærstjóra.

Nú er mikil vinna framundan í að móta framtíðarsýn ráðsins og festa í sessi allar þær breytingar sem hafa verið í þróun hjá ráðinu síðustu ár. Ungmennaráð Reykjanesbæjar er eitt virkasta ungmennaráð á Íslandi og ætlar sér að verða það um ókomin ár. Til þess að það sé hægt þá þurfum við öll að leggjast á eitt og styðja við hugmyndir barna og ungmenna í Reykjanesbæ.

Ólafur Bergur Ólafsson

Umsjónarmaður Ungmennaráðs Reykjanesbæjar





LYKILÁHERSLUR BARN

Unnar úr niðurstöðum barna

Íþróttir

1. Bætum **aðstöðu** til íþróttaiðkunar, byrjum á fótboltanum í Njarðvík og Fimleikadeild Keflavíkur
2. Hækkum **styrki** til íþróttafélaga og sköpum faglegri umgjörð í kringum iðkendur
3. Bætum óformleg **aðstöðu** til íþróttaiðkunar fyrir alla íbúa

Menntun

1. Það þarf að leggja mikið meiri **kraft** í **nemendaráð** grunnskólanna! Við viljum að öll hafi sömu tækifæri óháð því í hvaða skóla þau eru
2. Við viljum **markvissa** og stöðuga **fræðslu** um málefni sem skipta okkur máli
3. Við viljum meira **samstarf** milli **grunnskóla** í Reykjanesbæ

Menning

1. Reykjanesbær þarf að setja meiri **kraft** í **hátíðir** og hvetja til meiri **hverfasamstarfs**
2. Reykjanesbær þarf að **skreyta oft** í tengslum við fleiri hátíðir og á fleiri stöðum í bænum
3. Fjárfesta þarf í betri **almenningssalernum** í bænum - sérstaklega í tengslum við bæjarhátíðir



RNA OG UNGMENNA

na- og ungmennapings



Tómstundir og frítíminn

1. Nýtum **sumarið** betur og bjóðum upp á **fjölbreytta** viðburði í hverfunum okkar fyrir ungmenni
2. Fjölum **félagsmiðstöðvum** í Reykjanessbæ - það er löngu orðið tímabært
3. Styðjum betur við þau **ungmenni** sem vilja gera flotta hluti fyrir Reykjanessbæ

Umhverfið og samgöngur

1. „*Það er sóðalegt í Reykjanessbæ*” - Einbeitum okkur að því að **fegra ásýnd** bæjarins og höldum honum **snrtilægum**
2. Eflum **almennings** samgöngur fyrir alla íbúa - **strætó** þarf að ganga **lengur, oftar** og á **öllum** dögum
3. Gróðursetjum fleiri **tré** í Reykjanessbæ - sáum frægum til framtíðar og búum okkur til smá skjól

Lýðheilsa

1. Fáum til starfa **félagsráðgjafa** í alla grunnskóla sem við getum leitað til hvenær sem er með allskonar mál
2. Hvetjum alla íbúa til að tala opinskátt um **andlega heilsu** og eflum **íbúa** til að vera með fjölbreytt verkefni sem bæta lýðheilsu allra
3. **Foreldrar** okkar eiga að fá sömu **fræðslu** og við fáum, til að við getum spjallað um þær **heima**

Íþróttir

Lykilaðgerðir

1. Bætum aðstöðu til íþróttaiðkunar, byrjum á fótboltanum í Njarðvík og Fimleikadeild Keflavíkur.
2. Hækkum styrki til íþróttafélaga og sköpum faglegri umgjörð í kringum iðkendur
3. Bætt óformleg aðstaða til íþróttaiðkunar fyrir alla íbúa




Aðrar aðgerðir sem ungmenni leggja til

4. Hvetja til stofnunar handboltafélags í Reykjanesbæ
5. Fá betra gervigras og lýsingu í Nettó Höllina
6. Betri lýsingu á spark og körfuboltavöllum í Reykjanesbæ
7. Sparkvellir mættu vera með stærri mörkum og hærra grindverki fyrir eldri iðkendur
8. Strætó ætti að ganga út á Hólmsvöll fyrir golfiðkendur í Reykjanesbæ
9. Stækka eða bæta við öðru knattúsi fyrir fótboltaíðkendur í Reykjanesbæ
10. Auglýsa íþróttir betur í grunnskólum Reykjanesbæjar
11. Óformleg íþróttastaða á Ásbrú er ekki nægilega góð miðað við önnur hverfi
12. Betri félagsaðstöðu fyrir hestamannafélagið Mána
13. Bæta við tennisevelli í Reykjanesbæ
14. Auglýsum hvatagreiðslur betur til ungmenna á aldrinum 13-18 ára
15. hvetja til stofnunar bogfímifélags í Reykjanesbæ
16. Auglýsa Frístundir.is betur til barna og ungmenna

Tómstundir

Lykilaðgerðir

1. Nýtum sumarið betur og verum með fjölbreytta viðburði í hverfunum okkar fyrir ungmenni
2. Styðjum betur við þau ungmenni sem vilja gera flotta hluti fyrir Reykjanesbæ
3. Fjölum félagsmiðstöðum í Reykjanesbæ - það er löngu orðið tímabært



Aðrar aðgerðir sem ungmenni leggja til

4. Mikilvægt að félagsmiðstöðvar hafi sér húsnæði/aðstöðu við eða í skóla í framtíðinni.
5. Lengja opnunartíma í Fjörheimum
6. Hvetja börn til að vera í virkni og grípa börnin sem eru ekki í virkni betur
7. Mikilvægt að hafa eina stóra félagsmiðstöð eins og Fjörheima í framtíðinni
9. Mikilvægt er að hafa aðstöðu til að bjóða upp á hópastarf
10. Auglýsa tómstundir betur í skólum og á samfélagsmiðlum
11. Fá sjálfsala í stofnanir Reykjanesbæjar
12. Virðum útivistartíma betur
13. Bæta við dagopnunum í Fjörheima

Menntun

Lykilaðgerðir

1. Það þarf að leggja mikið meiri kraft í nemendaráð grunnskólanna!
Við viljum að öll hafi sömu tækifæri óháð því í hvaða skóla þau eru
2. Við viljum markvissa og stöðuga fræðslu um málefni sem skipta okkur máli
3. Meira samstarf milli grunnskóla í Reykjanesbæ



Aðrar aðgerðir sem ungmenni leggja til

4. Sundkennsla ætti að vera valfrjáls í 9. og 10. bekk
5. Það má fræða börn fyrr um mikilvæg málefni
6. Skólinn má byrja seinna fyrir nemendur unglingastigs
7. Betri aðstaða fyrir nemendur Myllubakkaskóla
8. Bæta þarf aðstöðu fyrir unglingastig í öllum grunnskólum
9. Samræma þarf námsefni í grunnskólum Reykjanesbæjar
10. Skólar ættu að gróðursetja meira í kringum sig - nemendur gætu aðstoðað og lært meira um gróðursetningu og mikilvægi þess að hugsa vel um umhverfið
11. Skólalóðir ættu að vera samræmdar milli skóla, passa þarf að lóðarstærð og búnaður sé svipaður
12. Kenna ætti frekar norsku eða sænsku í staðinn fyrir dönsku
13. Auka þarf aðgengi að skólahjúkrunarfræðingum og auglýsa það betur
14. Byggja ætti félagsmiðstöðvar í skólunum sem verið er að byggja upp á nýtt
15. Meira samráð við nemendur þegar verið er að gera endurbætur á lóð eða húsnæði skólanna

Umhverfi og samgöngur

Lykilaðgerðir

1. „Það er sóðalegt í Reykjanesbæ“ - Einbeitum okkur í að fegra ásýnd bæjarins og höldum honum snyrtilegum
2. Eflum almenningssamgöngur fyrir alla íbúa - Strætó þarf að ganga lengur, oftast og á öllum dögum
3. Gróðursetjum fleiri tré í Reykjanesbæ - sáum fræjum til framtíðar og búum okkur til smá skjól



Aðrar aðgerðir sem ungmenni leggja til

4. Fjölgu ruslatunnum við fjölfarnar leiðir og bætum við flokkunartunnum við stór leiksvæði
5. Bæta þarf lýsingu í Ungmennagarðinum og á Öllavelli
6. Strætisvagnarnir eru illa farnir og þarf að endurnýja
7. Hafnargatan er drungaleg, mætti fegra hana og gera hana gönguvænni
8. Passa að skipulag geri ráð fyrir þjónustu, veitingastöðum og öðru í úthverfum Reykjanesbæjar
9. Bæta snjómokstur fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur
10. Minnka pláss fyrir bíla og gera meira pláss fyrir fólk í staðinn
11. Hafa gangstéttir meðfram stofnæðum breiðar og betri fyrir bæði hjólandi og gangandi
12. Bæta samráð við notendur í samgöngum og skipulagsmálum
13. Bæta lýsingu á göngustígum við sjóinn og á göngustígum í bænum.

Menning

Lykilaðgerðir

1. Reykjanesbær þarf að setja meiri kraft í hátíðir og hvetja til meiri hverfasamstarfs
2. Reykjanesbær þarf að skreyta oftari í tengslum við fleiri hátíðir og á fleiri stöðum í bænum
3. Fjárfesta þarf í betri almenningssalernum í bænum - sérstaklega í tengslum við bæjarhátíðir



Aðrar aðgerðir sem ungmenni leggja til

4. Ungmenni og börn mættu koma meira að skipulagningu viðburða og hátíða Reykjanesbæjar
5. Setjum egginn okkar í fleiri körfur og höldum fleiri minni viðburði yfir árið
6. Miðarnir í tækin á Ljósanótt eru of dýrir
7. Mætti auglýsa betur viðburði fyrir börn og ungmenni
8. Höldum risa íþróttamót í tengslum við Ljósanótt
9. Það vantar fleiri viðburði fyrir ungmenni á Baun
10. Hvetja mætti til þess að fá fleiri veitingastaði og afþreyingarstaði á fleiri stöðum í Reykjanesbæ
11. Vera með söfn/sýningu sem höfðar til ungmenna
12. Fleiri afþreyingu fyrir ungmenni á hátíðum bæjarins
13. Sporna við drykkjumenningu ungmenna og fullorðinna á Ljósanótt

Lýðheilsa

Lykilaðgerðir

1. Fáum til starfa félagsráðgjafa í alla grunnskóla sem við getum leitað til hvenær sem er með allskonar mál
2. Hvetjum alla íbúa til að tala opinskátt um andlega heilsu og eflum íbúa til að vera með fjölbreytt verkefni sem bætir lýðheilsu allra
3. Foreldrar okkar eiga að fá sömu fræðslu og við fáum til að við getum spjallað um þær við þau heima líka



Aðrar aðgerðir sem ungmenni leggja til

4. Fræða meira um áhrif símanotkunar
5. Hafa meira áberandi hvert er hægt að leita til að fá aðstoð
6. Takmarka símanotkun nemenda í grunnskólum Reykjanesbæjar - sérstaklega á mið og yngsta stigi
7. Fá meiri fræðslu um lýðheilsu og hvernig hægt er að efla hana
8. Hvetja sálfræðinga til að koma til Suðurnesja
9. Að starfsmenn Reykjanesbæjar hafi aðgang að sálfræðipjónustu í erfiðum málum



UNGMENNARÁÐ
REYKJANESBÆJAR

2023